

**2. Skilgreining styrkinga**

2.1 Styrkingar vegna siglinga í ís eru sem hér segir:

1. Stefnisjárn
2. Mótstöðuvægi kjalar
3. Ísvörn á trébáta
4. Þykkt súðar
5. Mótstöðuvægi banda
6. Þvermál á skrúfuási

**3. Styrkingar**

3.1 Stefnisjárn skal vera framan á framstefni og ná niður undir kjöl, minnst einn metra aftur fyrir samskeyti kjalar og stefnis. Þverskurðarflatarmál stefnisjárnsins skal vera minnst:

$$A = 80 \cdot L_m \text{ mm}^2$$

3.2 Mótstöðuvægi kjalar skal vera minnst tvöfalt meira en í kröfum um kjöl skemmtibáta.

3.3 Á trébáta skal setja ísvörn á allt það svæði sem tilgreint er í 1.2. Ísvörnin skal vera úr stáli, áli eða kopar. Þykktin skal vera með tilliti til stærðar bátsins og plötunar festar á fullnægjandi hátt, án þess að ál eða kopar snerti stál.

3.4 Þykkt súðar skal ekki vera minni en:

$$t_{is} = 1,3 \cdot t + 1,5 \text{ mm}$$

$$t = \text{þykkt á súð skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.}$$

3.5 Mótstöðuvægi banda skal ekki vera minna en:

$$W_{is} = 1,5 \cdot W \text{ m}^3$$

$$W = \text{mótstöðuvægi banda skv. ákvæðum í V-21 og V-22, V-23, V-24 eða V-25.}$$

3.6 Þvermál á skrúfuási skal ekki vera minna en:

$$d_{is} = 1,15 \cdot d \text{ mm}$$

$$d = \text{þvermál á skrúfuási samkvæmt ákvæðum í V-10.}$$

**GJALDSKRÁ****vegna hundahalds í Breiðdalsvík.**

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í Breiðdalsvík fyrir árið 1994 skal vera kr. 6.000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalsvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. og samþykkt um hundahald í Breiðdalsvík nr. 369/1988, til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 3. október 1994.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*